

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Oddur Örnólfsson, Hilmar Örn Jónasson, Hörður Oddfríðarson ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir

Fundur 04.05.2021 settur kl. 18.00. Fundurinn var haldin í húsaáskynnum SSÍ.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM 50 gekk vonum frammar þrátt fyrir takmarkanir. Mjög vel er látið af mótinu og góður árangur náðist. Stjórn SSÍ þakkar öllum þeim sem hönd lögðu á plóg til að gera mótið að veruleika við erfiðar aðstæður.
- b. Stjórn SSÍ hefur samþykkt að framlengja lágmarkatímabil fyrir AMÍ aftur til 1. júní 2020 til 13. júní 2021 vegna þess ástands sem ríkt hefur í þjóðfélaginu.
- c. Sundþing verður haldið þann 1. júní 2021. Þinggögn verða send út í næstu viku ásamt dagskrá þingsins.
- d. Lágmarkamót sem hefur vinnuheitið „Sumarmót SSÍ“ verður haldið 5-6. júní n.k í Ásvallalaug. Frekari upplýsingar verða sendar á næstu dögum.
- e. Emil Harðarson starfsmaður á skrifstofu hefur beðið um að láta af störfum hjá SSÍ vegna annara tækifæra. Emil mun starfa með SSÍ í skertu starfshlutfalli til áramóta og meðal annars sjá um mótamál. Farið verður af stað með að fylla í skarð Emils í byrjun næsta sundárs.
- f. Farið var yfir uppgjör fyrir árið 2020 og það samþykkt. Uppgjörið verður sent til skoðunamanna.

3. Afreksmál

- a. Eyleifur fór yfir helstu verkefni. Valið hefur verið í lansliðshópa okkar og sendur var út póstur vegna þess eftir ÍM. Laugardaginn 8. maí verður æfingadagur fyrir framtíðarhópinn okkar sem telur 41 sundmann.
- b. Evrópumótið í 50 m laug verður haldið í Búdapest daganna 17-23 maí. Mótið verður haldið í skugga ástandsins og fer fram í „búbblum“. Eftirfarandi sundmenn keppa fyrir okkar hönd:
 - Dadó Fenrir: 50 skrið, 50 flug og 4x100 skrið blandað
 - Jóhanna Elín: 50 skrið, 100 skrið, 50 flug og 4x100 skrið blandað
 - Kristinn: 50 bak, 100 bak og 4x100 skrið blandað
 - Snæfríður Sól: 100 skrið, 200 skrið, 400 skrið og 4x100 skrið blandað
 - Steingerður: 50 bak og 50 skrið
- c. Í síðustu viku var skrifað undir samninga við afreksfólkið okkar sem fer á EM.
- d. Farið var yfir atburðadagatal og helstu breytingar ræddar.

4. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð Dómaranefndar nr: 103 frá 27.04. 2021

Fundargerðin var samþykkt

5. Félagaskipti

Nafn: **Fyrri félag:** **Nýtt félag:** **dags. mótt.** **Tekur gildi**

Að gefnu tilefni þá vill stjórn SSÍ áréttta að verklagi verði fylgt við gerð félagaskipta.

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Piltar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m flugsund	Fannar Snævar Hauksson	ÍRB	57,12	23.04.21	Reykjavík
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	1:04,52	25.04.21	Reykjavík
4x100m skriðsund	Piltasveit SH	SH	3:40,28	24.04.21	Reykjavík
	Daði Björnsson				
	Veigar Hrafn Sigbórsson				
	Bergur Fáfniir Bjarnason				
	Birnir Freyr Hálfðánarson				
4x100m fjórsund	Piltasveit SH	SH	4:05,77	25.04.21	Reykjavík
	Veigar Hrafn Sigbórsson				
	Snorri Dagur Einarsson				
	Birnir Freyr Hálfðánarson				
	Bergur Fáfniir Bjarnason				

Stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
1500m skriðsund	Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	17:32,11	25.04.21	Reykjavík
800 m skriðsund	Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	9:09,32	24.04.21	Reykjavík

Telpur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Ármann	29,77	24.04.21	Reykjavík

Staðfest

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
02.04.2021	Cancellation of the LEN Masters Championship Budapest	ÍSÍ
13.04.2021	Framboð í forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn	ÍSÍ
15.04.2021	Fyrirkomulag Íþróttapings	ÍSÍ
29.04. 2021	Kjörbréf Íþróttamannanefndar	ÍSÍ
23.04. 2021	Íþróttaping 2021- seinna fundarboð	ÍSÍ
29.04.2021	Málping rafíþróttir	ÍSÍ
01.05.2021	Reglugerð um Íþróttamannanefnd	ÍSÍ

8. Önnur mál:

- a. Þing ÍSÍ verður haldið föstudaginn 7. maí. Þingið sækja formaður, ritari og framkvæmdastjóri.

- b. Ársþing FINA verður haldið í Katar þann 5. júní n.k. Fulltrúar SSÍ munu sitja þingið í gegnum fjarfundarbúnað.
- c. Sport and Education USA hélt kyningarfund fyrir sundmenn í apríl mánuði þar sem kynntir voru möguleikar sundmanna á skólastyrk vegna náms í USA.
- d. Stjórn SSÍ vill votta fjölskyldu Vilhjálms Ingimarssonar, dómara hjá sundfélaginu Óðni, innilega samúð sína vegna óvænts fráfalls hans. Vilhjálmur var öflugur sjálfboðaliði hjá sundhreyfingunni og átti meðal annars að útskrifast sem yfirdómari á ÍM50. Vilhjálms verður sárt saknað.

Fundi slitið kl. 20:00